

ÚRSKURÐUR NR. 4/2011.

Kærð var álagning Tollstjóra á aðflutningsgjöldum á fatnað og raftæki í fórum ferðamanns við komu hans til landsins. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun Tollstjóra.

Með bréfi sem barst ríkistollanefnd þann 2. ágúst 2011, kærir A. úrskurð Tollstjóra nr. 8/2011, sem kveðinn var upp 23. maí 2011. Í hinum kærða úrskurði ákvarðaði Tollstjóri álagningu aðflutningsgjalda á fatnað og raftæki í fórum ferðamanns við komu hans til landsins. Kærandi gerir auk þess athugasemdir við framkomu tollvarðar, sem hún telur ekki hafa verið í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Þá telur kærandi aðflutningsgjöld ekki rétt ákvörðuð og krefst þess að þau verði leiðrétt samkvæmt heimild í XIV. kafla tollalaga.

I

Um málsatvik segir m.a. í hinum kærða úrskurði Tollstjóra að kærandi hafi komið til landsins með flugi frá Boston þann 14. ágúst 2010 og verið stöðvuð við grænt hlið af tollverði á Keflavíkurflugvelli við almennt tolleftirlit. Við skoðun farangurs kæranda mat tollvörður það svo að kærandi hefði meðferðis tollskyldan varning að verðmæti sem fór fram úr lögbundnum tollfríðindum. Kærandi upplýsti aðspurð að í farangri sínum væri verslunarvara að fjárhæð um það bil kr. 100.000. Tollvörður spurði kæranda einnig hvort kvittanir væru fyrir varningi, sem fannst í farangri. Kærandi neitaði því. Við leit í farangri kæranda fannst hins vegar fjöldi kvittana. Heildarverðmæti tollskylds varnings samkvæmt kvittunum að lokinni yfirferð voru talin nema kr. 210.768.-. Að frádregnum kr. 65.000.-, þ.e. hámarksverðmæti vöru, sem ferðamönnum er heimilt að flytja inn tollfrjálst, var álagningarstofn ákveðinn kr. 145.768.-. Andlag aðflutningsgjalda skv. sundurliðun reiknings var kjólar, pils og buxur auk stafrænar myndavélar. Innheimtur var 25% virðisaukaskattur af öllum álagningarstofni. Enginn tollur var lagður á myndavél en 15% tollur var lagður á fatnað. Kærandi var viðstaddur yfirferð varnings sem var andlag álagningarinnar. Að útreikningum loknum greiddi kærandi álögð gjöld, alls kr. 56.184.-, án athugasemda eða fyrirvara.

Kærandi sendi bréf til embættis Tollstjóra þann 24. ágúst 2010, þar sem kvartað var yfir ókurteisi tollvarðar og óskað eftir upplýsingum um álagningu þá, er fram fór. Við upplýsingaöflun embættisins var aflað skýrslu frá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Embætti Tollstjóra svaraði erindi kæranda með bréfi þann 30. nóvember 2010, þar sem farið var yfir málavexti og upplýst um þær lagareglur sem unnið hafði verið eftir auk þess að kærandi hefði fengið ívilnandi meðferð við val á úrlausnarleiðum við töku stjórnsýsluákvörðunar. Jafnframt var bent á kærueimild tollalaga. Kæra barst embættinu þann 4. janúar 2011. Í kjölfar kæru var málið rannsakað að nýju og tollverði m.a. gert að gera stuttar athugasemdir um efni kæru, s.s. er varðaði kvittanir og útreikninga.

Í hinum kærða úrskurði er meginröksemdum kæranda lýst svo:

„Kærandi heldur því fram að útreikningur aðflutningsgjalda af hálfu tollvarðar hafi verið rangur og í ósamræmi við tollalög. Kærandi ber því við að tollvörður hafi ekki gert greinarmun á vörum eftir tollaflokkum, heldur lagt saman allar upphæðir á kvittunum og felld þær undir ákveðinn tollaflokk, 6204.4900 kjólar, pils og buxur kvenna. Að lokum gerir kærandi aðfinnslur við framkomu, verklag og viðmót tollvarðar sem hún telur hafa verið í ósamræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Síðan gerir embætti Tollstjóra svofellda grein fyrir niðurstöðu sinni:

„Í 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 sé mælt fyrir um almenna tollskyldu á öllum varningi sem berst til landsins nema slík skylda sé sérstaklega undanþegin með lögum. Undanþágu frá almennri tollskyldu er að finna í b-lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi. Þar segir að ferðamönnum búsettum hérlendis sé heimilt að hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi, umfram almennan farangur og ferðabúnað, að verðmæti allt að 65.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500 kr. Þá telst það til ólöglegs innflutnings, sem varðar sektum og fangelsi allt að tveimur árum í alvarlegri tilfellum, þegar vara er flutt til landsins án þess að tollfyrirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum tollalaga, sbr. ofangreint og einkum 1. mgr. 170. gr. laganna. Brot á tollalögum eru refsiverð óháð því hvort þau eru framin af gáleysi eða ásetningi nema annað sé sérstaklega tekið fram, sbr. 169. gr. laganna. Engin lögbundin frávik eiga við hér.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 630/2008 skulu þeir sem koma til landsins ótilkvaddir gera Tollstjóra grein fyrir tollskyldum vörum sem þeir hafa meðferðis svo og þeim hlutum sem eru háðir sérstökum innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Vandlega auðkennd rauð og græn hlið eru notuð við tollafgreiðslu komufarþega úr flugi. Komufarþegar sem eru með tollskyldar vörur skulu fara um rautt hlið og framvísa þar varningnum til tollskoðunar. Þeim farþegum sem ekki eru með neinn slíkan varning er heimilt að fara um grænt hlið. Farþegar sem velja grænt hlið teljast með því gefa til kynna að þeir hafi engan varning meðferðis sem þeim ber að gera grein fyrir, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Komufarþegi gefur þannig tollgæslu og embætti Tollstjóra ranga yfirlýsingu með því að fara í gegnum grænt hlið með farangur sem inniheldur verslunarvöru umfram heimildir en svo var ástatt í því máli sem hér um ræðir.

Tollvörður stöðvaði kæranda við hefðbundið tolleftirlit á grænu hliði. Eftir gegnumlýsingu farangurs hans hafi ýmislegt bent til þess að hann hefði meðferðis verðmætari verslunarvöru en greint hafi verið fyrir um.

Samkvæmt 1. mgr. 156. gr. tollalaga sé tollvörðum heimilt að rannsaka allar þær vörur sem fluttar eru inn til landsins. Í skýrslu tollvarðar um atburðinn, frá 27. ágúst 2010, kemur fram að á meðan rannsókn stóð hafi kæranda verið leiðbeint um rétt sinn og um þau lög sem við áttu. Tollvörður hafi innt kæranda eftir aðstoð við útreikning. Kærandi hafi til að byrja með veitt tollverði umbeðna aðstoð en síðar látið tollvörð alfarið sjá um útreikning aðflutningsgjaldanna. Kærandi reyndi margsinnis meðan á rannsókn stóð að hafa áhrif á afstöðu tollvarðar, án árangurs. Ekki voru gerðar aðfinnslur við símanotkun kæranda né tilraunir hennar til að fá tollverði til að láta málið niður falla. Tollvörður reyndi auk þess eftir fremsta megni að viðhafa vinsamleg og fagleg samskipti við kæranda. Ekki verður annað séð en að tollvörður hafi rækt skyldur sínar af kostgæfni og samviskusemi, með hlutlægni og

réttsýni að leiðarljósi. Aðgerðir tollvarðar voru því í samræmi við 148. gr. tollalaga og góða stjórnarsýsluhætti.

Álögð gjöld voru reiknuð út á staðnum að kæranda viðstaddri. Kærandi hafði tök á að hafa áhrif á hvaða kostnaðarliðir á kvittunum og annað kæmi til álagningar við ákvörðun tollverðs og álagningar aðflutningsgjalda. Kærandi lagði áherslu á frádráttarliði og varning á kvittunum sem voru málinu óviðkomandi og voru þær athugasemdir teknar til greina. Tollvörður hefur í skýrslu sinni fullyrt að hafa látið kæranda njóta vafans þegar við átti og að fullt tillit hafi verið tekið til allra ábendinga kæranda til frádráttar. Kostnaðarliðir á kreditnótum sem ekki áttu við, bensín, matvara og fl., voru því ekki teknir með í reikninginn.

Í seinni skýrslu tollvarðar, frá 9. janúar 2011, er upplýst að tollvörður geti ekki fullyrt að allar þær kvittanir sem kærandi lagði fram með kæru séu þær sömu og voru grundvöllur álagningarinnar. Fyrir lá að embætti Tollstjóra tók ekki afrit af þeim kvittunum sem útreikningar byggðu á. Tollvörður upplýsti hins vegar að hafa glögglega tekið eftir tilteknum kvittunum frá tilteknum söluaðilum sem ekki fylgdu kæru. Í skýrslunni kom fram að eftir að tollvörður hafði lokið útreikningum sínum, fór málið til varðstjóra á vakt sem tók við greiðslu aðflutningsgjalda frá kæranda. Kærandi kvaðst aðspurð vera að greiða aðflutningsgjöld vegna fatnaðar. Eins og fram kom að ofan greiddi kærandi útreiknuð gjöld án nokkurra athugasemda eða fyrirvara.

Ekki var um að ræða hefðbundna tollafgreiðslu í skilningi tollalaga þar sem kærandi varð uppvís að broti á 170. gr. laganna, þ.e. ólöglegum innflutningi. Kærandi veitti auk þess tollverði rangar upplýsingar varðandi magn og verðmæti þeirrar vöru sem hún hafði í farangri sínum og braut með því gegn 172. gr. laganna. Ljóst er að meðalhófsreglu hafi verið beitt til hins ítrasta með þeim hætti að valið var allra vægasta úrræði sem völ var á til að ná fram markmiðum laganna. Ekkert af þeim varningi sem kærandi hafði í farangri var gerður upptækur og kærandi var ekki sektuð, þrátt fyrir ákvæði 169. gr. tollalaga. Þá var kærandi látin njóta vafans með annan varning í farangri, sem kvittanir náðu ekki til.

Með vísan til ofangreinds er niðurstaðan óhjákvæmilega sú að embætti Tollstjóra hafnar því að endurreikna eða endurgreiða ætluð ofreiknuð aðflutningsgjöld með þeim hætti sem krafist er af hálfu kæranda“

Með vísan til þess sem að ofan hefur verið rakið staðfesti Tollstjóri ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á fatnað og raftæki í fórum kæranda dags. 14. ágúst 2010..

II

Í kærinni segir að forsaga málsins sé sú að kærandi hafi ritað Tollstjóra bréf, dags. 24. ágúst 2010 þar sem athugasemdir voru gerðar varðandi óeðlilega tollafgreiðslu, sem kærandi fékk við komu til landsins þann 14. ágúst s.á. Þann 19. nóvember hafi Tollstjóra með vísan til málshraðareglu stjórnarsýslulaga verið sent annað bréf, þar sem ekki hafi borist svar við hinu fyrra. Það hafi svo verið með bréfi, dags. 30. nóvember 2010, að Tollstjóri hafi svarað erindi kæranda. Með bréfi, dags. 30. nóvember 2010, hafi tollstjóra síðan verið send kæra vegna þessarar afgreiðslu. Tollstjóri hafi hinn 23. maí sl. staðfest ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á fatnað og raftæki í fórum kæranda með úrskurði nr. 8/2011. Síðan segir svo orðrétt:

„Af hálfu undirritaðrar snýst málið um ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á fatnað. Kvittanir undirritaðrar sem voru andlag tollafgreiðslunnar þann 14. ágúst 2010 hafi ekki eingöngu verið fyrir fatnaði, heldur ýmsri annarri vöru, s.s. matvöru, eldsneyti, snyrtivörum og öðru. Þá hafði undirrituð meðferðis kreditnótur vegna skila á vörum í verslunum. Sýnt var fram á það að helmingur álagningarinnar var vegna vara sem ekki teljast til fatnaðar með kvittunum sem sendar voru tollstjóra með bréfi undirritaðrar, dags. 30. desember sl. Undirrituð getur ekki séð að tollstjóra hafi verið heimilt að sundurliða þær vörur ekki og flokka eftir tollflokkum. Í huga undirritaðrar snýst málið ekki um að viðurkenna ekki greiðsluskyldu fyrir vörunum sem undirrituð hafði meðferðis heldur að rétt sé staðið að tollafgreiðslu.

Tollstjóri hefur engar upplýsingar í höndum varðandi tollafgreiðsluna aðrar en orð tollvarðar sem afskipti hafði af undirritaðri sem og minni tollvarðarins. Slíkt geti varla talist samræmast góðum stjórnarsýsluháttum. Eðlilegast hefði verið að tollvörður hefði tekið afrit af kvittunum undirritaðrar og geta þar með sýnt fram á hvaða kvittanir, þ.e. hvaða vara lá að baki ákvörðuninni frá 14. ágúst sl. Í úrskurði tollstjóra segir „að tollvörður geti ekki fullyrt að allar þær kvittanir sem kærandi lagði fram með kæru séu þær sömu og voru grundvöllur álagningarinnar.“ Með því er augljóslega verið að byggja á minni tollvarðar sem hlýtur að teljast óeðlilegt þar sem engin gögn sýna fram á annað. Þá segir að „tollvörður upplýsti hins vegar að hafa glögglega tekið eftir tilteknum kvittunum frá tilteknum söluaðilum sem ekki fylgdu kæru“. Undirrituð hélt því aldrei fram að kvittanirnar sem fylgdu kærinni hafi verið allar kvittanir undirritaðrar. Eingöngu kvittanir sem sýndu að ekki allur varningur sem undirrituð hafði meðferðis hafði verið fatnaður eins og álagningin gerði ráð fyrir. Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að tollstjóri hafi upplýsingar í höndum sem sýna fram á á hverju álagning byggist. Ef sá háttur væri hafður á væri málið borðleggjandi og undirrituð þyrfti ekki að standa í bréfaskriftum til að sýna fram á að afgreiðslan hafi verið óeðlileg. Þá er vakin athygli á því að ef tollvörður leggur rangt saman þá verður útkoman röng. Engin trygging er því fyrir hinn almenna borgara að slíkt verði leiðrétt eftir á, enda hinn almenni borgari eflaust rengdur eins og gerst hefur í tilfelli undirritaðrar.

Undirrituð fullyrðir að kvittanirnar sem lágu að baki tollafgreiðslunni voru ekki eingöngu fyrir fatnaði. Tollvörðurinn lagði saman upphæð hverrar kvittunar fyrir sig án þess að athuga fyrir hverju kvittanirnar væru. Þar með var undirritaðri gert að greiða fyrir allar vörur sem á kvittuninum voru í tollflokki fatnaðar, en sá tollflokkur er hærri en fyrir t.d. snyrtivörur og annað sem að ofan er greint. Þá þarf vart að taka fram að undirrituð á ekki að greiða toll af matvöru sem neytt var í því landi sem undirrituðu kom frá, sem og eldsneyti á bílaleigubifreið. Það getur vel verið að mismunurinn, á fjárhæðinni sem undirritaðri var gert að greiða og upphæðinni sem rétt væri ef flokkað hefði verið eftir réttum tollflokkum, sé ekki ýkja hár en í huga undirritaðrar er það aukaatriði. Afgreiðslan var afar óeðlileg og hana ber að leiðrétta.

Til viðbótar við ofangreint kemur ekki fram á greiðslukvittun undirritaðrar frá 14. ágúst sl., sem gefin var út eftir að undirrituð hafi greitt aðflutningsgjöldin, að dregin hafi verið frá tollfrjáls upphæð sem ferðamönnum búsettum hérlendis sé heimilt að koma með til landsins, þ.e. 65.000 kr., skv. b—lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi. Þar með er undirrituð í vafa um að sú upphæð hafi yfir höfuð verið dregin frá. Tollvörðum verður á mistök eins og öðrum og því efast undirrituð um að tollfrjáls upphæð hafi verið dregin frá enda sýna kvittanir undirritaðrar það

augljóslega að aðflutningsgjöldin sem undirrituð greiddi stemma ekki með nokkru móti við kvittanirnar sem voru andlag álagningarinnar. Undirrituð greiddi aðflutningsgjöldin á staðnum en komst að því þegar heim var komið að hún var látin ofgreiða gjöldin.

Í úrskurði tollstjóra segir að kærandi hafi margsinnis reynt „að hafa áhrif á afstöðu tollvarðar, án árangurs.“ Þá segir stuttu eftir það að „kærandi hafði tök á að hafa áhrif á hvaða kostnaðarliðir á kvittununum og annað kæmi til álagningar við ákvörðun tollverðs og álagningar aðflutningsgjalda.“ Augljóslega er þarna mótsögn. Undirrituð benti á að eldsneytið og matvöruna ætti ekki að reikna með en undirrituð var úrvinda eftir margra klukkustunda flug frá Orlando með millilendingu í Boston og áttaði sig ekki á að margar kvittanir voru fyrir allt öðru en fatnaði.

Kvittanirnar sem undirrituð sendi með bréfi til tollstjóra, dags. 30. desember sl., sýna fram á að ýmis vara, önnur en fatnaður, var með í farangri undirritaðrar. Annað hvort var undirritaðri sleppt við að greiða af öllum þeim vörum sem ekki voru fatnaður eða að allar vörurnar voru flokkaðar í tollflokk fatnaðar. Undirrituð fullyrðir að það síðarnefnda á við hér.

Að lokum er því harðlega mótmælt að tollvörður hafi sýnt undirritaðri vinsamleg og fagleg samskipti. Tollvörðurinn getur haldið fram öllu því sem hann lýstir varðandi framkomu sína en slíkt væri einfaldlega lygi. Aðra eins ógnandi framkomu hefur undirrituð aldrei upplifað áður.

Þess er vænst að tollstjóra verði hér eftir gert að halda eftir afritum af þeim gögnum sem álagning aðflutningsgjalda byggist á, að tollstjóri setji á greiðslukvittanir sínar upplýsingar um að tollfrjáls heimild ferðamanna skv. b-lið 2. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga hafi verið dregin frá og að álagning aðflutningsgjalda undirritaðrar verði leiðrétt. Þá er óskað eftir því að undirrituð fái afhentar skýrslur tollvarðar sem vísað er til í bréfum tollstjóra á grundvelli 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, sbr. 15. gr. stjórnisýslulaga, áður en ríkistollanefnd kveður upp úrskurð sinn.

Óski ríkistollanefnd eftir að fá kvittanir fyrir þeim vörum sem undirrituð verslaði er sjálfsagt að verða við því. Vandamálið við slíkt er þó að undirrituð gæti haldið eftir kvittunum til að sýna að vörurnar sem undirrituð hafði meðferðis til landsins hafi verið verðminni en raunin var. Þó svo að undirritaðri dytti það ekki til hugar lægi hún ávallt undir ásökunum um að gera slíkt.“

III

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 2. ágúst sl. Í svari, sem barst 22. ágúst s.á., er vísað til málavaxta í hinum kærða úrskurði, frá 23. maí sl. og rakin hefur verið hér að framan. Síðan segir svo orðrétt í II. kafla umsagnarinnar:

“Kærandi ber því við í kæru sinni til nefndarinnar að henni hafi tekist að sýna fram á að helmingur álagningar Tollstjóra hafi verið til kominn vegna vara sem ekki teldust til fatnaðar. Þær kvittanir sem kærandi færði fram þessari fullyrðingu sinni til stuðnings voru sendar Tollstjóra sem fylgigögn með kærinni. Við undirbúning úrskurðarins var farið yfir umræddar kvittanir og voru þær auk þess sendar þeim tollverði sem séð hafði um útreikninga þeirra aðflutningsgjalda er kæranda var gert að greiða. Óumdeilt sé að á kvittunum þessum koma fram kostnaðarliðir sem ekki voru með í farangri kæranda svo sem matvörur, hreinlætisvörur

o.s.frv. Rétt þykir að taka fram að því hafi aldrei verið haldið fram af hálfu Tollstjóra að allar kvittanir og kostnaðarliðir þeirra kvittana sem fundust í farangri kæranda hafi verið andlag aðflutningsgjalda. Þvert á móti hafi tollvörður sá sem að máli kæranda kom alfarið hafnað því að hafa tekið aðra vöruliði en fatnað og raftæki inn í reikninga sína. Þá hafi kærandi verið viðstaddur þegar útreikningur fór fram og hafi haft tækifæri á að koma að athugasemdum sínum á staðnum. Tollstjóri hafnar því þessari fullyrðingu kæranda.“

Í III. kafla umsagnarinnar vísar Tollstjóri að því mati kæranda að í úrskurði embættis hans hafi falist mótsögn þar sem þar hafi annars vegar komið fram að kærandi hafi reynt „að hafa áhrif á afstöðu tollvarðar án árangurs“ og hins vegar að kærandi hafi haft tök á að hafa áhrif á það hvaða kostnaðarliðir kæmu til álagningar tollverðs. Tollstjóri telur að þarna sé um ákveðinn misskilning að ræða af hálfu kæranda og segir svo orðrätt:

„Í úrskurðinum komi fram í beinu framhaldi af fyrri fullyrðingunni, að kærandi hafi margsinnis reynt, án árangurs, að fá tollvörð til að láta málið niður falla. Kærandi reyndi til að mynda að hafa áhrif á afstöðu tollvarðar með því að vitna til fyrri samskipta sinna af tollvörðum og þeirrar staðreyndar að skyldmenni hennar starfaði sem tollvörður. Kærandi gekk það langt að hafa samband við umrætt skyldmenni símléiðis og fá viðkomandi til að ræða við tollvörð á vakt. Með þessum aðgerðum sínum hafi kærandi því án árangurs reynt að hafa áhrif á afstöðu tollvarðar án árangurs.“

Í síðari fullyrðingunni felst aðeins sú staðreynd að kærandi hafði full tök á að hafa áhrif á útreikning álagðra gjalda. Þá var kæranda jafnframt tilkynnt um réttindi sín af hálfu tollvarðar. Kærandi tilkynnti hins vegar tollverði að ekki væri þörf á þeirri útlitun þar sem hún væri lögfræðingur að mennt og þekkti löginn.“

Í IV. kafla umsagnarinnar bendir Tollstjóri á að skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 630/2008 skulu þeir, sem koma til landsins, ótilkvaddir gera Tollstjóra grein fyrir tollskyldum vörum, sem þeir hafa meðferðis, sbr. 5. gr. tollalaga nr. 88/2005. Síðan segir svo orðrätt:

„Vandlega auðkennd rauð og græn hlið eru notuð við tollafgreiðslu farþega úr flugi. Komufarþegar sem eru með tollskyldar vörur skulu fara um rautt hlið og framvísa þar varningnum til skoðunar. Sé þetta ekki gert er um að ræða ólöglegan innflutning og brot á 170. gr. tollalaga en slík brot varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.“

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 604/2009, um sektir og önnur viðurlög ákvörðuð af tollstjóra, skal hafa hliðsjón af aðflutningsgjaldi innfluttrar vöru að viðbættum 15% þeirrar fjárhæðar við ákvörðun sektar. Þá skal jafnframt gera upptæka vöru sem flutt hefur verið ólöglega til landsins.

Óumdeilt sé í málinu að kærandi gerði tollyfirvöldum ekki grein fyrir þeim varningi sem hún flutti með sér til landsins en hún gekk í gegnum grænt hlið og gaf með því til kynna að hún hefði engan tollskyldan varning í fórum sínum. Þá veitti kærandi tollverði rangar upplýsingar varðandi magn og verðmæti þeirrar vöru sem hún hafði í farangri sínum auk þess að neita að hafa kvittanir meðferðis. Kærandi varð með þessu uppvís að broti gegn 170. gr. og 172. gr. tollalaga þ.e. smygli. Eins og fram kom hér að ofan varða slík brot sektum og upptöku varnings. Tollvörður tók hins vegar þá ákvörðun að reikna út verð þess varnings sem kærandi flutti inn til landsins og leggja á hann aðflutningsgjöld. Varningurinn var ekki gerður

upptækur og kæranda ekki gert að greiða sekt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 604/2009. Með hliðsjón af þessu er hægt að fallast á það með kæranda að tollafgreiðslan hafi að vissu leyti verið óeðlileg. Tollverði var strangt til tekið óheimilt að fara með málið með þeim hætti sem gert var enda var í raun um refsíákvörðun að ræða og álagning einungis látin fara fram í því skyni að hafa viðmið við ákvörðun refsingar í formi sektar, sbr. reglugerð nr. 604/2009.

Með réttu hefði varningur sá sem kærandi hafði með sér til landsins verið haldlagður og málið rannsakað í kjölfar þess. Kærandi hefði síðan þurft að sekta en við ákvörðun sekta er höfð hliðsjón af aðflutningsgjöldum varnings að viðbættu 15% álagi. Þess ber að geta að þegar um sektir er að ræða koma lögbundin tollfríðindi ekki til frádráttar. Þessi afgreiðsla málsins var því afar ívilnandi fyrir kæranda enda er vaninn sá að fara með mál af þessum toga í hefðbundið sektarferli. Ljóst er að með réttu hefði kæranda borið að greiða mun hærri fjárhæð en henni var að endingu gert að greiða.“

Í V. kafla umsagnarinnar viku Tollstjóri að því að kærandi beri brigður á að lögbundin tollfríðindi að upphæð kr. 65.000, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, hafi verið dregin frá við álagningu aðflutningsgjalda og segir svo orðrétt:

„Þó svo að venjan sé sú að við hefðbundna tollafgreiðslu komi fram á greiðslukvittun upplýsingar um frádrátt vegna tollfríðinda þá er ekkert óeðlilegt við það að á kvittun kæranda hafi ekki komið fram umræddar upplýsingar enda var, eins og áður hefur komið fram, ekki um hefðbundna tollafgreiðslu að ræða. Á kvittun kæranda kom því aðeins fram álagningarstofn þeirra aðflutningsgjalda sem henni var gert að greiða. Samræmist þetta skýrslu tollvarðar frá 27. ágúst 2010 þar sem fram kemur að heildarverðmæti fatnaðar og raftækja sem kærandi flutti inn til landsins hafi numið rúmum 200.000 kr. Þess ber þó að geta að eins og fram kom hér að ofan átti kærandi í raun ekki rétt á að hljóta umrædd tollfríðindi þar sem hún var staðin að ólögum innflutningi og hafði því gerst brotleg við 170. gr. og 172. gr. tollalaga.“

Í VI. kafla bendir Tollstjóri á að tollvörður hafi að tollafgreiðslu lokinni afhenti kæranda aftur þær kvittanir, sem útreikningar aðflutningsgjalda höfðu byggst á. Þá hafi kærandi jafnframt fengið afhentan allan þann varning, sem fluttur var með ólögum hætti til landsins. Af þeim sökum hafi embættinu verið ómögulegt að verða við kröfum kæranda um að endurskoða og endurreikna álögð gjöld.

Þá getur hann þess að hentugra hefði verið að tollvörður hefði tekið afrit af þeim kvittunum sem útreikningar hans byggði á enda hefði það einfaldað málið til muna. Mál þetta hafi hins vegar orðið til þess að embætti Tollstjóra hafi endurskoðað það verklag sem viðhaft er í sambærilegum málum með tilliti til gagnavörslu.

Að öðru leyti vísar Tollstjóri til hins kærða úrskurðar og krefst þess að hann verði staðfestur.

Umsögn Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi, dags. 23. ágúst sl. Í svarbréfi, sem mótttekið var þann 27. sept. sl., tekur kærandi fram að hann telji með hliðsjón af fyrri bréfaskriftum ekki ástæðu til að fara nánar yfir málsatvik. Síðan segir svo orðréttt í umsögn kæranda:

„Hins vegar vill undirrituð taka fram að, að eigin mati, skiptir engu máli hvað undirrituð sagði eða gerði við komuna til landsins þann 14. ágúst 2010, en vill engu að síður taka fram að margt af því sem fram kemur í skýrslum tollvarða eigi ekki við rök að styðjast. Undirrituð hefur þó hreinlega ekki nennu í sér að fara yfir þau atriði enda aukaatriði. Það sem máli skiptir hins vegar er hvernig staðið var að útreikningi aðflutningsgjalda.

Undirrituð fór m.a. fram á í bréfi til Ríkistollanefndar, dags. 20. júlí sl., að leiðrétting færi fram á aðflutningsgjöldum sem undirritaðri var gert að greiða þann 14. ágúst 2010. Í raun skiptir leiðrétting litlu máli í huga undirritaðrar. Af hálfu undirritaðrar snýst málið um að viðurkennt verði að ranglega hafi verið staðið að afgreiðslu málsins og Tollstjóra gert að taka upp önnur vinnubrögð en þau sem viðhöfð voru í máli undirritaðrar.“

V

Nefndin hefur haldið fundi um málið og farið yfir málsatvik. Eins og að framan greinir snýst ágreiningur í þessu máli um tollverðsákvörðun á vörum, sem fluttar voru inn í farangri kæranda sem ferðamanns við komu hans til landsins. Kærandi telur að ekki hafi verið rétt staðið að tollflokkun þegar tollvörður stöðvaði hann í grænu hliði við komu hans til landsins.

Skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. tollalaga nr. 88/2005, skal greiða toll af vörum, sem fluttar eru til landsins eins og mælt er fyrir um í tollskrá. Í 6. gr. laganna er að finna fyrirmæli um hvaða vörur eru tollfrjálsar við innflutning. Í b.lið 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að varningur, sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi að verðmæti allt að 65.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað, teljist tollfrjáls. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500 kr. Á grundvelli heimildar í 2. mgr. 6. gr. laganna hefur ráðherra m.a. sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar lagagreinar, sbr. reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Í 2. gr. reglugerðarinnar er efnisregla ofangreinds b. liðar 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna ítrekuð. Í 7. gr. reglugerðarinnar er m.a. sett það skilyrði fyrir tollfrelsi skv. 2. gr. að innflytjandi hafi varninginn í eigin vörslu við komu til landsins og geti þá framvísað honum til tollskoðunar. Í 12. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um upplýsingagjöf vegna farangurs. Í 1. mgr. segir m.a. að þeir, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum vörum, sem þeir hafa meðferðis. Þá er í 2. mgr. greinarinnar mælt svo fyrir að þar sem rauð og græn hlið eru notuð við tollafgreiðslu komufarþega skulu þeir, sem eru með tollskyldar vörur, fara um rautt hlið og framvísa þar varningnum til tollskoðunar. Þeim, sem ekki eru með neinn slíkan varning, er heimilt að fara um grænt hlið. Farþegar, sem velja grænt hlið, teljast með því gefa til kynna að þeir hafi engan varning meðferðis, sem þeim bera að gera grein fyrir.

Óumdeilt er í þessu máli að kærandi, sem er lögfræðingur að mennt, hafi valið að fara um grænt hlið við komu til landsins, þar sem hann var stöðvaður. Þá liggur jafnframt fyrir að kærandi hafi gefið ófullnægjandi upplýsingar um verðmæti vörunnar. Með því virti hann ekki þau fyrirmæli tollalaga og reglugerða settra á grundvelli þeirra og sem vitnað er til hér að ofan. Samkvæmt reglugerð nr. 604/2009 getur Tollstjóri ákvarðað sektir og önnur viðurlög vegna brota á tollalögum. Hvað, sem ofangreindum lagafyrirmælum leið, var hin innflutta vara hvorki gerð upptæk né kæranda gert að sæta sekt í samræmi við reglugerð 604/2009. Þvert á móti var honum gefinn kostur á að halda hinni

innfluttu vöru og greiða af henni aðflutningsgjöld á grundvelli upplýsinga um verðmæti hennar á kvittunum, sem fundust í fórum hans. Við ákvörðun aðflutningsgjalda var og tekið tillit til ákvæða 2. gr. reglugerðar 630/2009 um ýmis tollfríðindi. Aðflutningsgjöldin þannig ákvörðuð greiddi kærandi á vettvangi án athugasemda og fékk um leið afhent gögn þau um verðmæti vörunnar, sem ákvörðun aðflutningsgjaldanna byggði á.

Með hliðsjón af framansögðu er fallist á það með Tollstjóra að við tollmeðferð þá, sem kærandi fékk og lýst er í máli þessu, hafi reglum stjórnsýslulaga um meðalhóf verið fylgt í hvívetna. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að mati Ríkistollanefndar að staðfesta hann. Ríkistollanefnd úrskurðar með vísan til 1. mgr. 118. gr., 170. gr. og 172. gr. tollalaga nr. 88/ 2005, og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi að hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 8/2011 er staðfestur.